

From: [Bergljót Kristinsdóttir - Bæjarfulltrúi](#)
To: [Helga Hauksdóttir](#); [Auður D. Kristinsdóttir](#)
Subject: Fyrir næsta skipulagsráðsfund
Date: þriðjudagur, 14. september 2021 17:10:35

Sælar

Óskað er eftir viðbrögðum skipulagssviðs og formanns skipulagsráðs við bréfi formanns húsfélags Fannborgar 1-9 frá 26. júlí s.l. um opinn fund með starfmönnum bæjarins og kjörnum fulltrúum um ætlaðar framkvæmdir á svæðinu og framtíð þess skv. þessari dagskrá:

- 1 Nákvæmar fyrirætlanir **um fyrirkomulag á framkvæmdatímanum á Fannborgarreit og Traðareit vestur.** Lengd framkvæmdatíma og **fasaskiptingar á framkvæmdum.** Þarna verði m.a. farið ítarlega í aðgengismálin – líka gagnvart fötluðum.
- 2 Fyrirkomulag á **bílastæðismálum meðan á framkvæmdatíma stendur** – og þegar þeim lýkur. Þarna verði líka farið nákvæmlega yfir hvernig fyrirkomula **hleðslustöðva** fyrir bíla sem nota endurnýjanlega orku. Hver er stefna Kópavogsbæjar í þeim málum?
- 3 **Fannborg 4.** Ljóst er að sá rekstur áfangahéimilis sem nú er í fasteigninni er algerlega eftirlitslaus og gríðarlegt ónæði stafar af þeirri búsetu sem þarna er. Engin grenndarkynning fór fram á þessari fyrirhuguðu starfsemi þrátt fyrir að sviðsstjórar Velferðarsviðs og Umhverfissviðs hafi mælt með að það yrði gert. Hvað hyggjast bæjaryfirvöld gera varðandi þann rekstur?
- 4 **Geislagarðurinn** og hlutverk hans í heildarmyndinni. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja er mjög óljóst hvað verður um garðinn.
- 5 Önnur mál er snerta framangreinda framkvæmd.

Bréfið var sent á alla bæjarfulltrúa, fulltrúa skipulagsráðs og valda starfsmenn skipulagssviðs.

Óskað er eftir því að umhverfissviðs leggi fyrir skipulagsráð tillögur að mögulegum staðsetningum ylstrandar við Kársnes. Jafnframt er óskað eftir því að skipulagsstjóri kalli eftir sjónarmiðum Umhverfisstofnunar um möguleg áhrif ylstrandar á verndað svæði á suðurhluta Kársness.

Kveðja
Bergljót